

Stjórnarfundur UDN

Haldinn í Rauðakrosshúsinu 2. janúar 2018 kl. 17.

Mætt voru: Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður, Jóhanna Sigrún Árnadóttir varaformaður, Ingveldur Guðmundsdóttir gjaldkeri, Pálmi Jóhannsson ritari, Anna Berglind Halldórsdóttir varamaður (kemur inn fyrir Herdísí Ernu Matthíasdóttur) og Svana Hrönn Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri.

Fundargerðina ritaði Svana Hrönn framkvæmdastjóri.

1. Dagatal

- Það gengur ekki vel að fá inn auglýsingar fyrir dagatalið. Nefndar menn komu með hugmyndir að fleiri fyrirtækjum til að sækja um styrk hjá. Dagatalið lítur vel út og verður með norðurljósamynd frá Steinu Matt.

2. Þing UDN

- Ákveðið var að halda ársþing UDN fimmtudaginn 5. apríl. UDN mun sjálft sjá um að halda þingið.

3. Íþróttamaður UDN

- Framkvæmdastjóri lagði fram þá hugmynd að veita íþróttamanni ársins fyrr verðlaun, finnst slæmt hve seint er tilkynnt er um það. Stjórnin tók vel í hugmyndina. Athuga að finna viðburð sem hentar. Framkvæmdastjóri ætlar að skoða reglugerðir.

4. Afmæli UDN

- Rætt var um afmælið, mikilvægt að passa að gera vel og eitthvað sem UDN ræður við. Haldinn var góður fyrirlestur á Byggðasafni Dalamanna í desember og stefnt er að halda fleiri í tilefni að afmælinu.

5. Starf framkvæmdastjóra

- Svana hefur sagt upp störfum sínum og er að fara að taka við framkvæmdastjórastöðu hjá Glímusambandi Íslands. Stjórnin leggur til að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra UDN með íþrótt- og tómsfundafulltrúastarfinu. Lagt var til að óska eftir að funda um starfið með byggðaráði eða sveitarstjórn. Svana mun starfa fyrir UDN þar til starfsmaður finnst.

Fundi slitið kl. 18:50